

EFNI



Vínland

Þorfinns Karlsefnis og Guðríðar Þorbjarnardóttur heitir grein Jónasar Kristjánssonar þar sem segir meðal annars: „Landnámið á Vínlandi var frá upphafi dæmt til dauða. Vínland var í órafjarlægð frá Grænlandi og enn lengra var frá Noregi þar sem skipin voru smíðuð. Skipakostur Grænlendinga þvarr og landið sjálft einangraðist gersamlega frá öðrum löndum.“



Málfræði

málrækt og móðurmálskenndla við aldamót er umfjöllunarefni Höskuldar Þráinssonar í grein þar sem því er meðal annars haldið fram að meðalunglingur í dag hafi meiri orðaforða en Gunnar á Hlíðarenda.

John Baldessari

sýnir nú verk sín í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Halldór Björn Runólfsson fjallar um listamanninn og verkin og segir: „Hvarvetna getur áhorfandinn samsamað sig persónunum í verkum Baldessari, ólgunni sem býr innra með þeim, hættunni sem að þeim stöðjar, rafmagnuðum augngotunum sem þær senda sín í milli og tákmyndum þeirra.“



World Press Photo

var opnuð í Kringlunni í vikunni. Þar getur að líta yfir tvö hundruð ljósmyndir sem unnu til verðlauna á sviði fréttaljósmyndunar í þessari alþjóðlegu samkeppni. Í umsógn dómnefndar segir að með sýningunni megi greina ákveðið skref í átt frá hinni stöðluðu ímynd „fréttaljósmyndarinnar“, en áhersla á hversdagsleikann og daglega lífsbaráttu er áberandi í myndunum.

FORSÍÐUMYNDIN

er eftir bandaríska listamanninn John Baldessari og heitir Pink Pig, 2305 Highland Ave., National City, Calif., 1996.

ÚR VÖLUSPÁ

Þá gengu regin öll á rökstóla, ginnheilög goð, og um það gættust hvort skyldu æsir afráð gjalda eða skyldu goðin öll gildi eiga.

Fleygði Óðinn og í fólk um skaut, það var enn fólkvíg fyrst í heimi. Brotinn var borðveggur borgar ása, knáttu vanir vígspá völlu sporna.

Þá gengu regin öll á rökstóla, ginnheilög goð, og um það gættust hverjir hefði loft allt lævi blandið eða ætt jötuns Óðs mey gefna.

Völuspá er fyrsta kvæði Konungsbókar eddukvæða og er hún höfuðkvæði norræna bókmennta og inngangur að öllu ritinu.

RABB

HUGMYNDIR manna um himnaríki endurspeglar þær hugmyndir sem fólk á hverjum tíma gerir sér um sælu og vellíðan, þar sem hið góða ríkir yfir hinu vonða, þar sem er eilífur friður og farsæld. Fram eftir öldum, þegar almenningur bjó við örbirgð og hungur, var himnaríki staður hlýju, öryggis, gnægðar matar og hamingju. Á tímum rétttrúnaðarins litu menn svo á að það besta sem gæti hent hinn rétttrúaða manni væri að deyja drottni sínum og öðlast þar með eilíft líf á himnum. Jarðarfari voru fagnaðarhátiðir. Með vaxandi velmegun og þeirri gnótt þæginda og afþreyingar, sem nútímamaðurinn býr við, má segja að himnaríkishugmyndin verði óhjákvæmilega heldur óljóst hugtak. Það verður stöðugt erfiðara að upphuga eitthvað sem slær út alla þá möguleika sem nútímamaðurinn hefur til skemmtana og afþreyingar. Í einum þætti af hinum vinsælu sjónvarpsþáttum um Frasier, sem sýndur var nýlega, er faðir Frasier kominn í náinn kunningsskap við ekkju sem nýverið hefur misst eiginmann sinn. Hann spyr vinkonu sína hvort hún hafi ekki áhyggjur af því að maðurinn hennar sálugi fylgisti með þeim að ofan. „Ekki ef það er íþróttaáhugamaðurinn, sem eyðir stórum hluta frítíma síns til þess að fylgjast með beinum útsendingum frá íþróttaviðburðum, hlýtur himnaríki án úrvals sjónvarpsrása að vera heildur dauður staður. Með vaxandi velmegun hefur himnaríkishugmyndin orðið nútímamanninum næsta óljóst hugtak og fæstir trúa því í raun og veru að eitthvað betra geti leynst hinum megin. Þess vegna lítur nútímamaðurinn á dauðann sem eitthvað sem fresta verður með öllum tiltækum ráðum.“

„HIMNARÍKI Á JÖRÐU“

Í lokakafli bókar breska rithöfundarins Julian Barnes „Saga heimsins í 10½ kafli“, sem út kom 1989, dreymir sögumann að hann vakni upp í himnaríki. Honum er færður morgunverður í rúmið, sem samanstendur af öllu því besta, sem hann getur hugsað sér, nema gæðin eru langt fyrir ofan það, sem hann hefur nokkur tíma upplifað í jarðlífinu. Í himnaríki eru allar óskir mannsins uppfylltar. Sögumaður keyrir um stórmarkað í rafknúnum vagni og kaupir allt sem honum dettur í hug, peningar skipta engu máli. Hann umgengst allt það fræga fólk sem hann kærir sig um, nýtur kynlífs á hverju kvöldi með fálægum konum. Hann spilar golf og getur farið holi í höggi á hverri braut ef hann kærir sig um. Dagblöðin flytja aðeins þær fréttir sem hann vill fá og upphalds knattspyrnuliðið vinnur að sjálfsögðu alltaf. Búið er að finna lækningu við krabbameini og öðrum sjúkdómum. Svona getur lífið haldið áfram árhundruðum saman og aðeins viljinn ræður ferðinni. Þegar frá líður fara þó hversdagslegar áhyggjur að gera vart við sig, t.d. áhyggjur af bankareikningi þótt engir slíkir séu til í himnaríki. Sögumaður ráðfærir sig því við umsjónarkonu sína, Margréti að nafni. Hann spyr hvar Guð sé. Honum er tjáð að það sé undir honum sjálfum komið hvort hann hittir Guð. „Himnaríki er lýðræðislegt í dag.“ segir Margrét. Himnaríki er semsé það sem hver og einn vill. „Við þröngum ekki himnaríki upp á neinn lengu.“ ... „Við hlustum eftir þörfum fólks.“ Allir fá það himnaríki sem

þeir vilja. Það kemur sem sé á daginn að fólk hefur mismunandi hugmyndir um þennan sælustað og reynt er að verða við öllum óskum. Sögumanni til undrunar kemur í ljós að það er líka hægt að deyja í himnaríki, þ.e.a.s. ef menn kjósa að deyja. Í himnaríki er því lítið um óvænt atvik, allt er fyrirjáanlegt og það veldur leiðindum. En hvernig deyr fólk í himnaríki, fremur það sjálfsmorð eða er það tekið af lífi? Þar sem allt er orðið svona lýðræðislegt þá þarf fólk aðeins að langa nógu mikið til að deyja til að sú ósk uppfyllist af sjálfu sér. Í himnaríki er dauðinn ekki dapur líkt og í jarðlífinu. Þar sem fólk deyr af frjálsum vilja er engin sorg. Þótt ótrúlega hljómi þá hefur fólk í himnaríki áhyggjur af hversdagslegum hlutum og saknar þess að ekkert fari úrskeiðis. Sumir biðja um vont veður eða að eitthvað óvænt komi fyrir og vilja jafnvel fá að finna til sársauka. Einn og einn biður jafnvel um uppskurð og að sjálfsögðu er orðið við slíkum óskum ef fullur vilji er til staðar. Annars er fólk yfirleitt bent á að slíkar óskir séu merki um að eitthvað annað sé að, þetta sé aðeins birtingarform vanlíðunar af einhverjum öðrum orsökum og á það er oftast fallið. Aðspurð um hve hátt hlutfall fólks vilji deyja í himnaríki svarar Margrét því til að auðvitað sé það 100%. Fyrr eða seinna vilja allir deyja. Andstætt því sem er í jarðlífinu deyr fólk í himnaríki aðeins þegar það hefur fengið nóg af lífinu. Þá deyr það af fúsugum og frjálsum vilja. Jafnvel hinir trúuðu sem koma hingað til að vegsama Guð til eilíðar, gefast upp að lokum. Þótt nokkrir slíkir

sanntrúaðir séu enn á sveimi þá fækkar þeim stöðugt. En hverjir biðja fyrst um að fá að deyja? Margrét svarar: „Að biðja um er kannski ekki rétta orðið. Þetta er spurning um eitthvað sem þig langar til. Hér eru aldrei gerð nein mistök. Ef þig langar nógu mikið til þess þá deyrðu, það hefur alltaf verið grundvallaratriði hér.“ ... „Þeir sem kjósa að eyða lífinu í kynlíf, bjórdrykkju, eiturlyf, hraðskreiða bíla, þeir ráða sér ekki fyrir gleði í fyrstu, nokkur hundruð árum seinna trúa þeir ekki sinni eigin ógæfu, þeir gera sér grein fyrir því hvers konar menn þeir eru, fastir í sínu hlutverki. Árpúsend eftir árpúsend þurfa þeir að vera þeir sjálfir. Það eru þeir sem hafa tilhneigingu til að deyja fyrstir.“ Í nútímaþjóðfélagi þykir það forgangsmál að útrýma sjúkdómum af öllu tagi og skapa mannum sem öruggast umhverfi til að sinna áhugamálum sínum. Það er lítið á það sem forgangsmál að lengja líf fólks með öllum tiltækum ráðum því fæstir vilja yfirgefa þennan aldingarð afþreyingar og óhófs ótilneyddir enda verða hugmyndir kirkjunnar um himnaríki nútímamanninum stöðugt fjarlægari. Á sama tíma og almennt heilbrigðisástand fer batnandi, lífslíkur lengjast og fleiri og fleiri sjúkdómar verða lækna-nlegir, virðist almenn lífshamingja ekki aukast. Mitt í allri velmeguninni flýja fleiri og fleiri á náðir vímuegjafa til þess að deyfa andlegan sársauka. Lífsleiði í formi þunglyndis fer vaxandi samtímis því að tækni-samfélag nútímans leysir hvert vandamálið á eftir öðru á sviði læknisfræði og lífið verður stöðugt áhættuminnu. Þegar allt kemur til alls er það ef til vill sú áhætta sem fylgir lífinu, sem viðheldur lífslöngun og vilja mannsins til að lifa. Þegar áhættan er horfin er lífsleiðin einn eftir.

ÁRNI ARNARSON